



Reykjavík 11. maí 2021

Fréttatilkynning frá Þjóðskjalasafni Íslands – Bréf landfógeta til sýslumanns Árnassýslu dags. 30. sept. 1874 („Biblúbréfið“)

Í heimildamyndinni, *Leyndarmálið*, sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu 7. apríl sl. er fjallað um hið svokallaða „Biblúbréf“ sem er blað með 23 þjónustufrímerkjum frá Íslandi. Bréfið var selt árið 1973 fyrir háa upphæð og hefur síðan gengið kaupum og solum og þykir vera eitt verðmætasta frímerkta skjal í heimi. Í kjölfar sýningar á myndinni athuguðu sérfræðingar Þjóðskjalasafns Íslands málið en lengi hafa verið uppi grunsemdir um að bréfið kunni að eiga uppruna sinn í skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu sem er varðveitt í Þjóðskjalasafni. Þjóðskjalasafn telur nauðsynlegt að bregðast við upplýsingum sem komu fram í heimildamyndinni *Leyndarmálið*. Það er mat Þjóðskjalasafns að það séu yfirgnæfandi líkur á að „Biblúbréfið“ svokallaða sé hluti af bréfi sem landfógeti sendi sýslumanninum í Árnassýslu 30. september 1874. Bréfshlutinn með utanáskrift og frímerkjum hefur verið skorinn eða klipptur frá bréfinu. Álíta verður að bréfshlutinn hafi verið fjarlægður úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu, líklega eftir að skjölin voru komin í varðveislu til Þjóðskjalasafns eða, sem er ólíklega, áður en skjölin voru afhent safninu fyrir árið 1910.

Hér á eftir verður málið rakið af hálfu Þjóðskjalasafns og sú niðurstaða rökstudd að „Biblúbréfið“ sé hluti af bréfi frá 30. september 1874 sem liggur í skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu.

Um „Biblúbréfið“

„Biblúbréfið“ svokallaða er blað með 23 þjónustufrímerkjum. Eingöngu opinberir aðilar notuðu þjónustufrímerki og því eru bréf frímerkt með þjónustufrímerkjum óumdeilanlega opinber bréf. Á blaðið er ritað heiti sýslumannsins í Árnassýslu ásamt upplýsingum um að með fylgi peningaböggull. „Biblúbréfið“ kom fram á sjónarsviðið árið 1973 samkvæmt upplýsingum í heimildamyndinni *Leyndarmálið* og var sagan sú að það hefði fundist inni í gamalli biblíu, en þaðan kemur heiti skjalsins. Í lögreglurannsókn frá árinu 1973 kemur fram að vafi leikur á að sú upprunasaga eigi við rök að styðjast. „Biblúbréfið“ hefur verið selt á uppboðum og gengið kaupum og solum. Það er nú í Svíþjóð. Skjalið þykir mjög verðmætt vegna frímerkjanna sem eru á því. Árið 2018 var „Biblúbréfið“ til sýnis á norrænu frímerkjasýningunni Nordia. Samkvæmt fréttum frá sýningunni var talið að „Biblúbréfið“ væri um 200 milljóna kr. virði á þeim tíma.

Skjalasafn sýslumannsins í Árnassýslu

Við skoðun á bréfasafni sýslumannsins í Árnassýslu sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni fannst hinn hlutinn af „Biblúbréfinu“, þ.e. sá hluti sem inniheldur bréfið sjálft. Það er bréf frá landfógeta dags. 30. september 1874 sem hann sendi sýslumanni með nýrri mynt enda kemur fram, bæði í bréfinu sem liggur í skjalasafni sýslumanns og í utanáskrift „Biblúbréfsins“, að með fylgi þessi mynt.

Bréfið frá 30. september 1874 liggur með öðrum bréfum til sýslumannsins í Árnassýslu frá sama tíma. Það er jafnframt skráð inn í bréfadagbók embættisins. Bréf sýslumannsins í Árnassýslu frá 1823–1879 eru skráð inn í skjalaskrá safnsins sem var gefin út árið 1910.¹ Því er öruggt að bréf landfógeta frá 30.

¹ Skrá, um skjöl og bækur í Landsskjalasafninu í Reykjavík. Öxarárþing.- Yfirréttur hinn forni.- Landsyfirdómur.- Sýslur.- Hreppar.- Sáttanefndir.- Umboð. Reykjavík 1910. Bls. 82–83. Í afhendingarbók Þjóðskjalasafns 1900–1952 er skráð

september 1874 hefur verið varðveitt í Þjóðskjalasafni að minnsta kosti frá árinu 1910. En stór skjalaafhending kom frá sýslumanni Árnassýslu 29. september 1909, og líklegt má telja að bréfasafnið hafi verið hluti hennar, auk þess sem heimildir eru fyrir eldri afhendingum frá því embætti.

Skjalaafhendingin barst frá sýslumanni Árnassýslu sem þá hafði aðsetur að Kaldaðarnesi. Þegar bréf landfógeta frá 30. september 1874 barst sýslumannsembættinu, var það sent til Þorsteins Jónssonar sýslumanns Árnésinga (1867–1879), sem þá bjó á Kiðjabergi. Samkvæmt bréfabók Landsskjalasafns árið 1900 kemur fram að engin óafhent opinber skjöl hafi verið lengur á fyrrum sýslumannssetri á Kiðjabergi það ár.

Bréf, sambrot og umslög

Nánast öll íslensk bréf í skjalasöfnum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni frá því um 1874 og lengur eru svokölluð sambrot. Venjan var að bréf voru skrifuð á sambrotnar arkir þar sem innihald bréfsins var skrifað á fremra blað arkarinnar og utanáskrift bréfsins, þ.e. nafn móttakanda, aftan á síðari hluta arkarinnar. Síðan var bréfið brotið saman á tiltekinn hátt, það innsiglað með lakki og þrykkt á það skjaldarmerki embættisins sem sendi bréfið og frímerki síðan límt á þá hlið eftir atvikum. Umslög utan um bréf voru nánast óþekkt á þessum tíma en um 1880 virðist notkun umslaga byrja í stjórnsýslunni þó að sambrot hafi verið notuð lengi enn. Flest bréf frá þessum árum, þ.m.t. í skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu, eru sett upp á þennan hátt, þ.e. á fremri hluta sambrotinnar arkar er texti bréfsins en á bakhlið arkarinnar er utanáskrift með nafni móttakanda bréfsins. Þá sést augljóslega á bréfunum hvernig þau voru brotin saman og á mörgum bréfum eru frímerki og lakkinnsigli sem hafa verið brotin eða rifin þegar bréfið var opnað. Stærð sambrotinna arka var um 34 x 21 cm en munað getur nokkrum millimetrum til eða frá á einstökum skjölum.

Bréf landfógeta frá 30. september 1874 og „Biblíubrésið“

Við nánari skoðun á bréfi landfógeta frá 30. september 1874 er ljóst að það sker sig úr öðrum bréfum í bréfasafninu. Almenn er bréf í bréfasafninu um 34 x 21 cm að stærð eins og áður kemur fram. Frágangur bréfanna er eins og að framan er lýst, þ.e. á framhlið blaðanna er bréfið ritað en á bakhlið er utanáskrift móttakanda, og augljóslega sést sambrot á síðunum. Bréf landfógeta frá 30. september 1874 er þó helmingi minna eða 17,2 x 21,5 cm. Við skoðun á bréfi landfógeta sést að það bréf hefur verið hluti af sambroti, þ.e. bréfið hefur verið áður heil örk að stærð og það brotið saman eins og að framan er lýst, nafn móttakanda, þ.e. sýslumannsins í Árnassýslu hefur verið skrifað utan á, og það sent þannig til sýslumannsins.

Að mati sérfræðinga Þjóðskjalasafns er augljóst að sá hluti bréfsins sem er þekktur sem „Biblíubrésið“ og er með 23 þjónustufrímerki hefur verið skorinn eða klipptur af bréfi landfógeta frá 30. september 1874. Hefur sá hluti verið fjarlægður úr bréfasafninu en hinn helmingurinn verið skilinn eftir í skjalasafninu. Þetta sést vel þegar bréf landfógeta frá 30. september 1874 er borið saman við önnur bréf í bréfasafninu. Á meðfylgjandi mynd má sjá tvö bréf landfógeta til sýslumannsins í Árnassýslu, annars vegar bréfið frá 30. september 1874 og hins vegar sambærilegt bréf frá 24. október 1874 en með báðum bréfunum fylgdi mynt. Eins og sjá má eru bréfin alveg eins sett upp nema á bréfið frá 30. september 1874 vantar síðari hluta arkarinnar með utanáskrift sýslumannsins í Árnassýslu ásamt innsigli og frímerkjum. Sá hluti er hið svokallaða „Biblíubrésið“ að mati Þjóðskjalasafns Íslands.

afhending á skjölum frá sýslumanninum í Árnassýslu 20. september 1909 en ekki kemur fram nákvæmlega hvaða skjöl voru afhent.

Fjarlægt úr Þjóðskjalasafni?

Að mati starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands er ljóst að sá hluti bréfs landfógeta frá 30. september 1874, sem kallaður hefur verið „Biblíubrésið“, hefur verið fjarlægður úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu. Það verða að teljast meiri líkur en minni að þessi hluti skjalsins hafi verið fjarlægður úr skjalasafninu eftir að það kom til varðveislu í Þjóðskjalasafn Íslands. Þó er ekki hægt að útiloka að það hafi verið klippt eða skorið frá bréfinu áður en skjölin voru afhent til Þjóðskjalasafns fyrir árið 1910, þó að það sé ólíklegt. Því til rökstuðnings má benda á að það sama hefur ekki verið gert við önnur bréf í bréfasafni sýslumannsins, þau hafa ekki verið skorin í sundur. Það á líka við um bréf með álímdum frímerkjum en fjöldi slíkra bréfa er í bréfasafni sýslumanns. Ástand annarra skjala í skjalasafni sýslumanns gefur því til kynna að almennt hafi frímerki ekki verið skorin eða fjarlægð frá bréfunum þegar þau voru í vörslu sýslumannsembættisins og áður en þau voru afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu. Auk þess má benda á að það líða meira en 60 ár frá því að öruggt er að skjalasafnið hafi verið komið til Þjóðskjalasafns (þá Landsskjalasafns) til varðveislu og þangað til það kemur fram á uppboðsmarkaði á 8. áratug síðustu aldar. Rétt er þó að benda á að frímerkjasöfnun hófst nánast um leið og fyrstu frímerkin voru gefin út og því er ekki hægt að útiloka að hluti bréfsins, með frímerkjum og áritun, frá 30. september 1874 hafi verið fjarlægður áður en sýslumaður afhenti Þjóðskjalasafni skjalið til varðveislu fyrir árið 1910.

Niðurstaða Þjóðskjalasafns er því sú að það sé nánast öruggt að „Biblíubrésið“ svokallaða sé hluti af bréfi sem landfógeti sendi sýslumanninum í Árnassýslu 30. september 1874. Bréfshlutinn með utanáskrift og frímerkjum hefur verið skorinn eða klipptur frá bréfinu. Álíta verður að bréfshlutinn hafi verið fjarlægður úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu, líklega eftir að skjölin voru komin í varðveislu til Þjóðskjalasafns eða, sem er ólíklega, áður en skjölin voru afhent safninu fyrir árið 1910.

Þess má geta að í kjölfar umræðu um sölu á hinu svokallaða „Biblíubrési“ á áttunda áratug síðustu aldar var ákveðið innan Þjóðskjalasafns að fara í gegnum skjalasöfn eldri embætta í safninu og fjarlægja úr þeim skjöl sem á voru verðmæt frímerki. Þau eru nú varðveitt í sérstakri öryggisgeymslu í Þjóðskjalasafni.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur vakið athygli mennta- og menningarmálaráðherra á málinu og að „Biblíubrésið“ svokallaða sé í raun eign íslenska ríkisins en það var á sínum tíma fjarlægt úr skjalasafni sýslumannsins í Árnassýslu. Safnið hefur bent ráðherra á að í 6. og 7. tölul. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn kemur fram að „[h]ver sá sem hefur í vörslum sínum skjöl úr skjalasafni stjórnvalds eða lögaðila sem falla undir 1., 2. eða 5. mgr., án þess að eiga löglegt tilkall til þeirra, skal afhenda þau opinberu skjalasafni í samræmi við þá verkaskiptingu opinberra skjalasafna sem fram kemur í 4. mgr.“ og að „[t]ilkall opinbers skjalasafns til afhendingar afhendingarskyldra skjala fellur ekki niður fyrir tómlæti eða hefð.“

Nánari upplýsingar veita:

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs. njordur.sigurdsson@skjalasafn.is. Sími 820-3322.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður. hrefna.robardsdottir@skjalasafn.is. Sími 820-3324

Fylgiskjöl:

Mynd af „Biblíubrétinu“ tekið af vef Viðskiptablaðsins.

Mynd af bréfi landfógeta til sýslumannsins í Árnassýslu dags. 30. september 1874.

Mynd af bréfum landfógeta til sýslumannsins í Árnassýslu dags. 30. september og 24. október 1874.



„Bibliubréfið“ svokallaða. Mynd af vef Viðskiptablaðsins: <https://www.vb.is/frettir/200-milljon-krona-bibliubref/147583/>



Arggela 526. 74.

Samkvæmt fyrirnelum Landköpfringja
í þessari dag: 19. Sept. sendi þú mig yfir þessum
í þessum síðu mynd:

x 500	af 10 áhringum	=	50 krónur
x 200	af 5 - " "	=	10 - "
x 500	af 2 - " "	=	10 - "
x 500	af 1 - " "	=	5 - "
			altí = 75 krónur

og þessi þú mig á meðal til þess, að yfir
máli þessum, á meðal til þess, að senda mig á
viki þessum og upphættu í ríkisskattum þessum,
eða sendit mig. Þessum yfir í tönnu
þessum þessum þessum, með þessum þessum.

Skrifstofa landfógeta íslands, 30. Sept. 1874.

Þessum

Þú

Þessum í Árnessýslu.

Bréf landfógeta til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 30. september 1874. Þf. 0/35. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. B/37, örk 1.

Bgg. N 526.74.

Samkvæmt fyrirmyndum landsþingsjans
 í brygg, dags. 19. febr. 1874, er þessu þessu
 í hinni nýju megi:

x 500	af 10 ákvarðunum	=	50 krónur
x 200	af 5 ákvarðunum	=	10
x 500	af 2 ákvarðunum	=	10
x 500	af 1 ákvarðunum	=	5
			altíð = 75 krónur

og þessi er megi að meðliði til þess, að gæta
 milli þessara, undirskotið í hinni nýju and-
 miki þessara og oppþessu í atkvæmgáta þessara,
 staðfestu þessu með þessu og í hinni
 lagi þessu þessu, undirskotið þessu.

Skrifstofa landsþingsjans í Akureyri, 30. Sept. 1874.
 Þórnundur

Til
Sýslumannsins í Árnessýslu.

Bgg. N 622.74

Samkvæmt fyrirmyndum landsþingsjans
 í brygg, dags. 19. febr. 1874, er þessu þessu
 megi í 25 ákvarðunum:

x 125	krónur = 125 krónur
-------	---------------------

og þessi er megi að meðliði til þess,
 að gæta á milli þessara undirskotið
 þessu í atkvæmgáta þessara, undirskotið
 og í hinni lagi, megi þessu þessu.

Skrifstofa landsþingsjans í Akureyri, 24. Okt. 1874.
 Þórnundur

Til
Sýslumannsins í Árnessýslu.

The envelope on the left contains a green postage stamp, two circular postmarks from Akureyri, and a red wax seal. The recipient's name and address are written in cursive on the front of the envelope.

Bréf landfógeta til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 30. september og 24. október 1874. ÞÍ. 0/35. Sýslumaðurinn í Árnessýslu. B/37, örk 1.